



**Keilir**  
Miðstöð vísinda,  
fræða og atvinnulífs

## Íslenska 2 (ÍSL3B06) Háskólabrú

### Áfangalýsing

#### **Bókmenntasaga og læsi:**

Farið verður yfir sögu íslenskra bókmennta frá lokum 19. aldar til dagsins í dag. Gerð verður grein fyrir helstu straumum og stefnum og verk nokkurra höfuðskálda kynnt og sett í samhengi. Lesnir verða textar sem á einhvern hátt endurspeglar tíðaranda og hræringar í íslenskum bókmenntum hvers tíma. Markmiðið er að nemendur þjálfist í að lesa ólíkar gerðir bókmenntatexta.

#### **Ritun:**

Í verkefnavinnu áfangans er lögð rík áherslu á ritgerðasmíð og almenna ritun. Nemendur auka hæfni sína við að skrifa fræðilegar ritgerðir þar sem stuðst er við rannsóknir fræðimanna og röksemdarfærslu beitt.

#### **Forkröfur**

Gert er ráð fyrir að nemendur hafi lokið 10 feiningum á 2. þrepi.

#### **Þrep**

Áfanginn er á 3. þrepi.

#### **Einingafjöldi**

6 framhaldsskólaeiningar (feiningar).

#### **Lokamarkmið áfangans**

**Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:**

- ritgerðasmíð og heimildavinnu
- helstu einkennum íslensks máls og þróun þess frá 19. öld til dagsins í dag
- orðaforða sem nægir til að lesa helstu verk íslenskrar bókmenntasögu
- mismunandi tegundum bókmenntatexta, stefnum í íslenskum bókmenntum að fornu og nýju og öllum helstu bókmenntahugtökum

## **Nemandi skal hafa öðlast leikni í:**

- ritun heimildaritgerða þar sem hann beitir gagnrýninni hugsun við úrvinnslu og kemur efninu á framfæri á skýran og greinargóðan hátt
- frágangi heimildaritgerða og hvers kyns texta
- í að nýta sér gagnrýni annarra til betrumbóta
- fjalla um helstu stefnur, höfunda og tímamótaverk á greinagóðan hátt
- að flytja af öryggi og sannfæringu vel uppbyggðan fyrirlestur eða ítarlega kynningu á flóknu og löngu efni
- að lesa allar gerðir ritaðs máls að fornu og nýju sér til gagns og gamans
- að skilja lykilhugtök og greina mismunandi sjónarmið.

## **Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- skrifa skýran, vel uppbyggðan og grípandi texta og geta valið ritstíl og málsnið eftir aðstæðum og viðtakendum
- beita málinu á viðeigandi og árangursríkan hátt við mismunandi aðstæður í ræðu og riti.
- tjá rökstudda afstöðu við ýmsar kringumstæður, útskýra sjónarmið og taka virkan þátt í málefnalegum umræðum til að komast að vel ígrundaðri niðurstöðu
- draga saman aðalatriði, beita gagnrýninni hugsun við lestur, túlkun og úrvinnslu krefjandi texta, átta sig á samfélagslegum skírskotunum og ná duldum boðskap og hugmyndum.
- Lögð er áhersla á að nemendur beri ábyrgð á eigin námsframvindu og séu meðvitaðir um mismunandi aðferðir til að tileinka sér tungumál.

## **Námsmat áfangans**

Byggt er á fjölbreyttu námsmati m.a. hópverkefnum, einstaklingsverkefnum, könnunum og lokaprófi sem gildir til lokaeinkunnar.